Nd. **404. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um útrýming fjárkláða.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Fyrri málsliður orðist svo:
   Böðun á sauðfje til útrýmingar fjárkláða skal fram fara um land alt í árslok 1928 og ársbyrjun 1929.
2. Við 3. gr. 2. og 3. málsgrein orðist svo:
   Kostnað allan við eftirlit með böðuninni greiðir ríkissjóður, og auk þess $^2/_3$ hluta andvirðis baðlyfja og $^2/_3$ hluta flutningskostnaðar á hafnir. Allan annan kostnað við útrýmingarböðunina greiða fjáreigendur eftir fjártölu, og annast hreppsnefndir og bæjarstjórnir innheimtu. Gjald þetta má taka lögtaki.